

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 14. mars 2014 í máli nr. S-1010/2013:

Ákærvaldið

(Elín Hrafnisdóttir ftr.)

gegn

Kristmundi Frey Guðjónssyni

Mál þetta, sem dómtekið var 5. mars 2014, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 3. desember 2013, á hendur Kristmundi Frey Guðjónssyni, kt. 000000-0000, Vallarhólma 16, Kópavogi, fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 16. október 2013 ekið bifreiðinni YA-640 óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist tetrahýdrókannabínól 14 ng/ml) suður Kringlumýrarbraut, að Nýbýlavegi í Kópavogi, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn og að hafa ekið í umrætt sinn án þess að gefa stefnuljós þegar skipt var um akrein og án þess að nota öryggisbelti.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, 2. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 71. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með áorðnum breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006.

Af hálfu ákærða er þess krafist að hann verði sýknaður af ákæru, en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Ákærði sem er ólöglærður flutti mál sitt sjálfur og óskaði ekki eftir aðstoð lögmanns. Var það mat dómara að hann hafi verið til þess hæfur og var honum leiðbeint um formhlið málsins, sbr. 29. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

I

Um málsatvik segir í frumskýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að lögreglumenn á lögreglubifreið hafi þann 16. október 2013 verið að aka suður Kringlumýrarbraut þegar þeir hafi veitt athygli ökumanni bifreiðarinnar YA-640 þar sem hann hafi ekið án þess að hafa öryggisbelti spennt. Hafi þeir ekið á eftir bifreiðinni og veitt því athygli að ökumaður gaf engin stefnumerki þegar hann skipti um akreinar. Hafi þeir stöðvað akstur hans skömmu síðar skammt frá Nýbýlavegi. Grunur hafi síðan vaknað að ökumaður væri undir áhrifum fíkniefna og hafi ökumaður tjáð lögreglumönnum að hann hafi neytt kannabis kvöldinu áður.

Ökumaður var færður á lögreglustöð þar sem tekið var úr honum þvag- og blóðsýni. Þvagsýni gaf svörun á kannabisefni (THC). Sýnin voru send til efnagreiningar á Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum og reyndist niðurstaða þeirrar rannsóknar sú að í blóði ákærða fannst Tetrahýdrókannabinól 14 ng/ml.

II

Hér verður eftir þörfum, rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi. Fyrir dómi bar ákærði að hafa verið að keyra heim úr vinnu í mikilli umferð og hafi hann gleymt að gefa stefnuljós í eitt sinn. Taldi hann að sá háttur íslendinga væri algengari en hinn að fólk gæfi stefnuljós. Hann hafi verið tekinn af lögreglu þrátt fyrir að hafa gefið stefnuljós síðar í akstrinum. Taldi hann að lögreglan hafi stoppað hann fyrir að hafa ekki verið í belti og ekki gefið stefnuljós í þetta eina sinn. Ákærði vissi ekki hvort það hefði verið útlit hans sem hefði gefið lögreglunni ástæðu til þess að kanna með fíkniefnaneyslu hans því ekkert í hegðun hans hafi gefið tilefni til þess, hann hafi komið fram við lögregluna með eðlilegum hætti í samskiptum fólks. Þeir hafi hins vegar séð ástæðu til þess að fara með hann upp á stöð enda hafi kannski verið lykt af fötum hans. Hann reyki oft kannabisefni á kvöldin og það sé eitthvað sem lögreglunni varði ekkert um. Á stöðinni hafi hann fúslega veitt leyfi til töku á þvag- og blóðsýni. Hann hafi hins vegar ekki fengið lykil bifreiðarinnar afhentan. Taldi hann að ekki væri hægt að sanna að hann hafi verið undir áhrifum kannabisefna við aksturinn. Það sé tæknilega hægt að athuga hvort það hafi verið kannabisefni í kerfinu hjá honum en það sé ekki hægt að sýna ótvírætt fram á það að hann hafi verið undir áhrifum á þessum tímamarki. Aðspurður um ástand hans við aksturinn kvaðst hann hafa verið edrú allan daginn en hann hafi neytti kannabisefna kvöldinu áður.

Í málflutningi ákærða kom fram að hann bæri ekki á móti því ekki að hafa notað fíkniefni. Hins vegar eigi vísindalegar niðurstöður ekki að hafa áhrif við mat á því hvort aðili teljist vera óhæfur til stjórna ökutæki. Það séu hans mannréttindi að megi reykja án afskipta annarra, enda sé það ekki gert undir akstrinum sjálfum.

Vitnið A lögreglumaður nr. 9916 bar fyrir dómi að hafa undirritað frumskýrslu lögreglu í málinu. Hann hafi ásamt öðrum lögreglumanni verið á ómerktum bíl við akstur suður Kringlumýrarbraut og hafi þá tekið eftir ökumanni sem hafi ekki verið í belti við aksturinn. Þeir hafi keyrt á eftir honum og hafi ákærði skipt nokkrum sinnum um akreinar á Kringlumýrarbrautinni og þá aldrei gefið stefnuljós en hafi gefið stefnuljós eftir það. Hafi þeir því ákveðið að hafa afskipti af honum þegar þeir hafi verið við Nýbýlaveg í Kópavogi og fengið hann yfir í bílinn til þeirra. Þar hafi þeir bent honum á þau umferðarlagabrot sem hann hafi framið og hafi hann viðurkennt þau og skrifað undir vettvangsskýrslu um það. Vegna kannabislyktar sem báðir lögreglumenn hafi fundið af ákærða og þess að hann hafi sagt við þá að hann hafi reykt kannabis kvöldinu áður, hafi verið ákveðið að færa ákærða niður á stöð þar sem tekin hafi verið af honum þvag- og blóðsýni.

Vitnið B deildarstjóri hjá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum, gaf símaskýrslu fyrir dómi og bar að í þessu máli hafi bæði komið blóð- og þvagsýni. Fram kom hjá vitninu, að sé bara beðið um ákveðna rannsókn eins og í þessu tilfelli

bara á kannabisefni, þá fari það fyrst í svokallaða mótefnamælingu þar sem leitað sé að ólöglegum ávana- og fíkniefnum. Sé niðurstaða þess prófs sú að efnið sé jákvætt fyrir fíkniefnum þá fari sýnið í framhaldsrannsókn til magnrannsóknar í blóði. Fram hafi komið með gasgreiningu massaskynjara sem sé í raun „fingrafar“ af sýninu og þannig fundið út hið virka efni að það hafi verið Tetrahýdrókannabínól í blóðinu. Aðspurð sagði hún að reynslan af þessu væri mikil, þetta væri viðurkennd alþjóðleg mæliaðferð. Vitnið staðfesti matsgerð sína sem liggur frammi í málinu.

III

Niðurstöður málsins:

Ekki er um það deilt að ákærði hafi verið að aka bifreiðinni YA-640 í umrætt sinn eins og í ákæru greinir og ákærði viðurkennir að hafa reykt kannabisefni kvöldinu áður. Þá er í raun ekki gerð athugasemd að hálfu ákærða við þá rannsókn sem fram fór á þvag- og blóðsýni hans eða niðurstöður hennar. Ákærði viðurkenndi hins vegar ekki þá háttsemi sem greinir í ákæru að hafa verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni í umrætt sinn. Ákærði viðurkenndi að hafa ekki gefið stefnuljós í einhver skipti og að hafa ekki verið í bílbelti í umrætt sinn. Hann hafi hins vegar hegðað sér óaðfinnanlega og ekkert í hans framkomu eða akstri hafi gefið það til kynna að hann hafi verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 930/2006 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, skuli ákvarða sektir og sviptingu ökuréttar vegna einstakra brota á ákvæðum umferðarlaga í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar sem birtast í viðaukum I-III við téða reglugerð. Í reglugerð nr. 328/2009 um breytingu á framangreindri reglugerð, kemur fram að það teljist mikið magn í blóði ef Tetrahýdrókannabínól (kannabis) í blóði sé meira en 2 ng/ml. Einnig kemur fram að sé um annað brot að ræða gegn 45. gr. a umferðarlaga, skuli svipting eigi vara skemur en 2 ár, sbr. 6. mgr. 102. gr. umferðarlaga og sekt skuli vera 200.000 krónur ef um mikið magn fíkniefna var að ræða.

Heimilt er í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 930/2006 að víkja frá ofangreindu ef veigamikil rök mæla með því. Ákvæði þetta ber að skoða með hliðsjón af 2. málslið 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 en þar kemur fram að ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, eða 45. gr. a.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 609/2008 var það niðurstaða dómsins að ákærði í því máli yrði ekki sviptur ökurétti enda hefði ekkert bent til þess að eitthvað hafi verið athugavert við akstur hans. Sama niðurstaða var í dómi yfir ákærða sjálfum í dómi héraðsdóms Vesturlands þann 31. mars 2010 þar sem honum var gerð sekt fyrir brot gegn 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga, en ekki sviptur ökuréttindum með vísan til þess sem greinir í nefndum Hæstaréttardómi.

Í máli því sem hér er til meðferðar hefur komið fram og það játað af ákærða að hann hafi ekki verið í bílbelti auk þess sem hann mun í eitt eða fleiri skipti ekki hafa gefið stefnuljós þegar hann skipti um akreinar á Kringlumýrarbraut. Í skýrslu

og vitnisburði þess lögreglumanns sem kom fyrir dóminn kom fram að ástæða þess að lögreglan hafi stöðvað för ákærða hafi verið vegna þess að hann hafi ekki verið í bílbelti og hafi auk þess ekki gefið stefnuljóst þegar hann skipti á milli akreina. Fram kom að grunur um fíkniefnaakstur hafi ekki vaknað fyrir en ákærði var kominn inn í bifreið lögreglunnar.

Ljóst er að lögreglan stöðvaði akstur ákærða vegna umferðarlagabrota í umrætt sinn og hefur ákærði gengist við þeim brotum. Akstur ákærða var því ekki stöðvaður fyrir tilviljun heldur vegna þessara brota hans við akstur.

Þá var það talið forsenda að undanþáguákvæðið um „sérstakar málsbætur“ ætti við í nefndum Hæstaréttardómi að fíkniefni hafi aðeins fundist í þvagi. Í tilviki ákærða í þessu máli fundust fíkniefni í blóðsýni. Þá eru heldur ekki uppfyllt ákvæði 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga að ákærði hafi ekki áður gerst sekur um sams konar brot því hann hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn ákvæðum 45. gr. a umferðarlaga.

Með vísan til framangreinds verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í ákæru og er hún réttilega heimfærð til refsíákvæða.

IV

Ákærði er fæddur í júní árið 1986. Samkvæmt sakarvottorði hefur honum fjórum sinnum verið gerð refsing fyrir brot gegn umferðarlögum. Þau brot sem hafa áhrif í þessu máli eru eftirfarandi: Þann 31. mars 2010 var ákærði dæmdur til að greiðslu sektar fyrir brot gegn ákvæðum 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987, en var ekki sviptur ökuréttindum með vísan til 102. gr. umferðarlaga svo sem því ákvæði hafði verið beitt í dómi Hæstaréttar í máli nr. 609/2008. Þann 16. nóvember 2010 var ákærða dæmdur hegningarauki fyrir brot gegn 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987 og sviptur ökuréttindum í fjóra mánuði, frá 20. desember 2010. Brot hans nú er því ítrekun á broti gegn ákvæðum 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin sekt 215.000 krónur eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði verður sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms að telja.

V

Með vísan til 218. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, sem er samkvæmt yfirliti 70.098 krónur.

Bogi Hjálmtýsson, héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Kristmundur Freyr Guðjónsson, greiði 215.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæti ella fangelsi í 16 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms að telja.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað málsins 70.098 krónur.

Bogi Hjálmtýsson